

Málsmeðferðarreglur þessar eru settar með stoð í 1. mgr. 33. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og 104. gr. sveitarstjórnarlaga og taka þegar gildi við samþykkt bæjarstjórnar.

1. gr.

Bæjarstjórn ber að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álitur vera mjög þýðingarmikil fyrir bæjarfélagið með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn samþykkir að fram fari skoðanakönnun um tiltekið mál skal að jafnaði leita til sérfróðra aðila um framkvæmdina. Skoðanakönnun er leiðbeinandi fyrir bæjarstjórn í því máli sem til umfjöllunar er hverju sinni.

3. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið fyrirfram að niðurstaða atkvæðagreiðslu skuli vera bindandi.

4. gr.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um valkosti í almennum atkvæðagreiðslum. Huga þarf að því að valkostir í atkvæðagreiðslu séu skýrir og framsetning spurninga/r einföld. Leitast skal við að veita hagsmunaaðilum aðkomu að mótun valkosta sem boðið er upp á í atkvæðagreiðslu s.s. með samráði eða umsagnarrétti.

5. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvenær atkvæðagreiðsla fer fram. Atkvæðagreiðsla skal þó ekki fara fram skemur en fjórum vikum eftir að ákvörðun um hana hefur verið tekin og ekki síðar en tveimur mánuðum eftir ákvörðun.

6. gr.

Bæjarstjórn skal standa fyrir eða fela utanaðkomandi aðila að standa fyrir kynningu á því efni sem taka á afstöðu til í almennri atkvæðagreiðslu. Leitast skal við að veita talsmönnum ólíkra sjónarmiða tækifæri á að koma sínum viðhorfum á framfæri.

7. gr.

Um framkvæmd kosningar skal taka mið af meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Samþykkt í bæjarstjórn 19. maí 2010.

